

M-19/2007 Álit 17. september 2007

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2007 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-19/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. júní sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á mótörhjól af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi telur mótörhjólíð vera gallað, vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 20. júní sl. Frestur til að skila þeim var gefinn til 2. júlí sl. Andsvör fyrirtækisins bárust nefndinni 12. júlí í bréfi, dags. 2. júlí sl., en bréfið hafði verið sent í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og nefndinni barst bréfið þaðan. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsingar með bréfi, dags. 16. júlí sl., og gerði hann athugasemdir við andsvörin í bréfi, dags. 24. s.m. Samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 fékk kærunefndin sérfróðan aðila til þess að skoða mótörhjólíð og segja álit sitt á því sem fyrir vél hjólsins kom. Fór sú skoðun fram 8. september. Með bréfi, dags. 11. september sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi frá 13. desember 2006 keypti álitsbeiðandi mótörhjól, sem á reikningnum er lýst sem A, af Y fyrir kr. 450.640 ásamt fleiri hlutum og er heildarreikningurinn kr. 512.340. Seljandi gaf afslátt af kaupverði kr. 12.340 þannig að viðskiptin námu alls kr. 500.000. Á reikningnum kemur fram að mótörhjólíð sé nýskráð 30. september 2004 og afhendist án númers. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa verið umboðsaðila fyrir mótörhjól af þessari tegund u.þ.b. frá árinu 2000 til 2003 en þá hafi annar aðili fengið umboðið. Framleiðandi hjólanna hafi orðið gjaldþrota árið 2003 og verksmiðja hans seld. Álitsbeiðandi segir mótörhjólíð sem hann keypti hafa verið úr síðustu sendingu sem seljandi hafi fengið, en í henni hafi verið 12 hjól. Mótörhjólíð hafi staðið inni í húsnæði Y í 3 ár og verið selt sér sem ónotað. Gangverð á þessum hjólum árið 2003 hafi verið kr. 1.400.000, en hann hafi gert tilboð í hjólíð og fengið það keypt á kr. 450.640, eins og fyrr segir, og kveðst álitsbeiðandi hafa talið sig vera að gera mjög góð kaup. Sölumenn Y hafi fullyrt að þetta væru sterk og góð hjól sem keppnislið á Íslandi hefði notað. Öll hefðu mótörhjólin reynst mjög vel og sölumennirnir hafi lofað að svo yrði með það hjól sem álitsbeiðandi keypti.

Álitsbeiðandi segir vél hjólsins hafa „hrunið“ eftir 17 klst. akstur og ástæðan hafi verið sú að knastásinn hafi brotnað ofan af „heddinu“. Þetta hafi gerst í mars síðastliðnum og hafi hann þá látið seljanda vita. Álitsbeiðandi kveðst hafa skipt um olíu á hjólinu eftir

15 tíma akstur eftir fyrirmælum sölumannsins, K, sem selt hafi sér hjólið og verslunarstjórinn, B, hafi gefið sömu fyrirmæli. Þá kveðst álitseiddandi hafa farið rækilega eftir bæklingi sem fylgt hafi hjólinu. Álitseiddandi kveðst hafa mikla reynslu af því að skipta um mótrolú á bílum og dráttarvélum og því hafi hann alveg vitað hvað hann hafi verið að gera. T, sem sé viðgerðarmaður og í tengslum við Y, hafi verið fenginn til þess fyrir tilstilli verslunarstjórans B að yfirfara mótórinn, sem kostað hafi kr. 15.000, og hafi hann sagt að olúskiptin hafi ekki verið gerð með réttum hætti. Álitseiddandi kveðst þá hafa farið með hjólið til D sem annist viðgerðir á A-mótórhjólum. D hafi sagt að bilunin væri vegna galla á hjólinu en ekki vegna þess að ranglega hafi verið staðið að olúskiptunum. Sú skoðun hafi kostað kr. 5.000. Álitseiddandi kveðst hafa náð sambandi við starfsmenn seljanda sem hafi boðið sér nýtt hedd fyrir kr. 30.000, en slíkt hedd kostaði kr. 100.000. Hins vegar yrði hann að sjá um að setja það á hjólið. Álitseiddandi kveðst hafa reynt að fá viðgerðarmenn til þess að setja nýja hennið á hjólið en enginn fengist til þess þar sem þeir vildu ekki láta kenna sig við hjól af þessari tegund „því að þau eru þekkt fyrir að vera drasl“, eins og segir í beiðni álitseiddanda. Af þessum sökum kveðst álitseiddandi ekki geta tekið tilboði seljanda.

Álitseiddandi segir kostnað sinn vegna kaupanna vera samtals kr. 485.640 sem hann sundurliðar svo: Kaupverð kr. 450.640, nýr rafgeymir kr. 15.000, skoðun seljanda á hjólinu kr. 15.000 og skoðun D kr. 5.000.

Álitseiddandi kveðst vilja rifta kaupunum vegna vanefnda seljanda og fá kaupverðið endurgreitt gegn því að skila hjólinu í því ástandi sem það nú sé í. Álitseiddandi kveðst vera til í að krefjast ekki greiðslu fyrir rafgeyminn, rifin á hjólinu og álitseidd frá D.

IV

Andsvör gagnaðila

Andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Y seldi X umrætt A mótórhjól í desember 2006 á kr. 450.640,- sem er meira en 50% afsláttur frá fyrra verði. Afslátturinn var gefinn eins og X vissi um vegna þess að hjólið var eftirárshjól og verksmiðjan ekki starfandi lengur og enga bakabyrgð frá verksmiðju að fá.

Hjólið bilað fljótlega eftir að X skipti um olú. Við skoðun kom í ljós mjög óeðlilegt slit á knastásnum, auðsjáanlega eftir olúfuleysi. Það voru yfirföllin sem halda knastásnum niðri sem brotnuðu sem afleiðing af þessu sliti. T tók við hjólinu og reif og sagði strax að það hefði ekki verið nein olía á mótórhlutunum (það er tvískipt olúkerfi á hjólinu). Okkar mat er því það að gerð hafi verið mistök við olúskipti á hjólinu. Þess ber að geta að hjólinu fylgdi bæklingur þar sem fram koma leiðbeiningar um olúskipti.

Við höfum boðið X að taka þátt í kostnaði við viðgerðina með því að selja honum varahlutina langt undir kostnaðarverði en hann ekki fallist á það.“

V

Athugasemdir álitseiddanda

Í athugasemdum álitseiddanda kemur fram að hann hafi heyrt misjafnlega látið af mótórhjólum af þeirri tegund sem hann keypti en sölumenn hafi sagt sér að hjólið ætti að endast vel og hafi það verið ástæðan fyrir kaupunum. Sér hafi verið sýnt hvernig setja ætti olú á hjólið og eins hvernig tæma ætti hana af. Þá hafi sér hafi verið sagt að fara eftir

bæklingnum með hjólinu um olúskiptin sem hann hafi gert í einu og öllu. Kveðst álitandi vera viss í sinni sök að þessu leyti. Álitandi andmælir því að engin olía hafi verið á vél hjólsins. Hann hafi tappað af vélinni og þá hafi komið um lítri af olíu. Hann hafi sett á hjólið 1,5 lítra eins og fyrirskipað sé. Eins hafi komið af mótornum hálfur lítri af olíu þegar T hafi rífið hjólið eða þriðjungur þess sem eigi að vera þar. Þannig hafi komið of lítil olía af mótornum en hins vegar of mikil olía af gírkassanum. Ástæða þess sé sú að galli hafi verið í festingu sem haldi knastásnum ofan á heddinu og þétti á milli mótors og gírkassa. Olían hafi því farið af mótornum í gírkassann. Knastásinn hafi hins vegar verið makaður í olíu.

Maður að nafni E, sem mikið geri við mótörhjól, hafi skoðað hjólið. Hann hafi álitandi að um galla væri að ræða því að einungis sjáist á einu sæti fyrir knastásana en ekki öllum. Væri olíuleysi um að kenna ætti að sjást á öllum sætunum en ekki aðeins einu þeirra.

D viðgerðarmaður sé tilbúinn til þess að svara fyrir það að ekki hafi verið um olíuleysi að ræða heldur greinilegan galla.

VI

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitandi og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Eins og fyrr er rakið var vél mótörhjólsins tekin úr og í sundur og komið var með hjólið þannig sundurtekið til skoðunar. Skoðun á vélinni leiddi í ljós að hún er ekki úrbrædd sem nær örugglega væri hefði engin olía verið sett á hana og hjólinu ekið þannig. Álitandi fullyrðir að við olúskiptin hafi hann sett olíu á vélina samkvæmt fyrirsögn starfsmanna seljanda og leiðarvísi sem fylgdi hjólinu. Álitandi heldur því og fram að af vélinni hafi komið um hálfur lítri af olíu þegar af henni var tappað eftir að hjólið bilaði.

Tveir knastásar eru í vélinni. Á öðrum þeirra er ekki hægt að sjá neitt óeðlilegt slit og sýnist hann vera í lagi. Hinn knastásinn hefur hins vegar losnað með þeim hætti að tveir boltar sem knastásbakkinn er festur með við heddið, og heldur knastásnum á réttum stað, hafa augljóslega slitnað í sundur og báðir endar knastásbakkans brotnað af. Við það hefur knastásinn eðlilega losnað og hlífar, sem pakkdósinn á knastásnum fellur í, bæði skemmst og færst úr stað auk knastássins sjálfs. Þá er pakkdósinn sjálf skemmd. Af þessum ástæðum hefur vélin hætt að ganga með eðlilegum hætti. Vélarolían hefur auðveldlega getað runnið niður í gírkassa hjólsins og blandast olíunni sem þar var eins og álitandi segir að hafi komið í ljós. Samkvæmt þessu verður ekki annað ekki séð en ástæðan fyrir því í hverju ásigkomulagi vél mótörhjólsins er nú sé annaðhvort efnis- eða smíðagalli, nema hvorttveggja sé.

Í 1. mgr. 15. laga nr. 48/2003 er kveðið á um það hverja eiginleika söluhlutur skuli hafa svo að hann fullnægi þeim kröfum sem leiða af samningi, þ.á m. um gæði. Ef annað leiðir ekki af samningi skal hluturinn hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. laganna. Kærufndin telur augljóst að álitandi mátti ætla að vél

mótorhjólans entist lengur en raunin varð og því tvímælalaust að mótorhjólíð hafi verið haldið galla. Um var að ræða nýtt og ónotað mótorhjól og skiptir því hvorki máli hvert verð þess var né að framleiðslu slíkra mótorhjóla hafði verið hætt, enda liggur ekkert fyrir um það að seljandi hafi sérstaklega firrt sig ábyrgð á göllum á hjólinu af þeim sökum eða öðrum. Ekki er hægt að líta svo á að seljandi hafi boðist til þess að bæta úr gallanum, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003, þótt hann hafi boðið álitsbeiðanda nýtt hedd á lágu verði.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 telst söluhlutur gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Að áliti kæruneðndarinnar var mótorhjólíð tvímælalaust haldið galla í skilningi þeirra lagagreina sem að framan hafa verið raktar.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um það til hveðra úrræða kaupandi getur gripið reynist söluhlutur gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða. Eitt þessara úrræða er að krefjast riftunar kaupanna samkvæmt ákvæðum 32. gr. sbr. d-lið 1. mgr. 26. gr. laganna. Í 32. gr. segir að kaupandi geti krafist riftunar í stað afsláttar af kaupverði nema galli sé óverulegur.

Álit kæruneðndarinnar er það að sá galli sem er á mótorhjólinu og að framan er lýst verði að teljast verulegur. Hér er eins og fyrr segir annað hvort um að ræða smíða- eða efnisgalla nema hvorttveggja sé og þótt mögulegt væri gera við hann er ákveðin hætt á að vél hjólans gæti bilað aftur með sama hætti og hún gerði. Af þessum sökum telur kæruneðndin álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum á mótorhjólinu og að fá kaupverð þess endurgreitt úr hendi seljanda gegn skilum á hjólinu í því ástandi sem það nú er. Miðað við þessa niðurstöðu verður að líta svo á að krafa álitsbeiðanda um endurgreiðslu nemi kaupverði mótorhjólans, sbr. það sem í álitsbeiðninni segir.

Samkvæmt reikningi fyrir kaupunum var kaupverð hjólans kr. 450.640. Af kaupverðinu var gefinn 2,4% afsláttur eða kr. 10.815. Ber því seljanda að endurgreiða álitsbeiðanda kr. 439.825.

Ekki liggur fyrir hvenær og þá með hverjum hætti álitsbeiðandi gerði kröfu um riftun og endurgreiðslu kaupverðsins, en ljóst er að sú krafa komst örugglega til vitundar seljanda þegar kæruneðndin sendi honum álitsbeiðnina ásamt gögnum málsins með bréfi, dags. 20. júní sl. Í 50. gr. laga nr. 48/2003 segir að eigi seljandi að endurgreiða kaupverðið beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Tilvísun til vaxtalaga leiðir að áliti kæruneðndarinnar til þess að miða verður við að dráttarvexti eigi að greiða í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga vaxtalaga nr. 38/2001 og frá 20. júlí sl. til greiðsludags.

VII

Álitsorð

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupunum á mótorhjólinu gegn skilum á því til seljanda í núverandi ástandi. Seljanda, Y, ber að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð mótorhjólans, kr. 439.825, með dráttarvöxtum frá 20. júlí 2007 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir